



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Bíðum eftir símtali úr ráðuneytinu

Reynir Arngrímsson læknir og formaður Læknafélags Íslands segist hafa gert alvarlegar athugasemdir við heilbrigðisstefnu stjórnvalda þegar hún var í smíðum.

„Því miður virðist fátt eða ekkert af þeim hafa ratað inn í þingsályktunartillöguna sem var samþykkt á Alþingi á dögunum. Í fyrsta lagi gerðum við athugasemd við hvernig staðið var að gerð áætlunarinnar. Þetta var fyrst og fremst samtal ráðuneytisins við forstjóra heilbrigðisstofnana á landinu. Það var ekkert samráð haft við fagfélög starfsmanna í heilbrigðiskerfinu, ekkert samband við félög heilbrigðisfyrirtækja eða allan þann hóp sem vinnur sjálfstætt að heilbrigðisþjónustu. Þetta fannst okkur mjög sérkennileg vinnubrögð,“ segir Reynir.

„Það voru haldnir kynningarfundir af hálfu ráðuneytisins og óskað eftir athugasemdum sem við tókum mjög alvarlega. Við unnum hér í stórum vinnuhópum í læknafélaginu á síðasta aðalfundi og voru hátt í sjötíu lækna sem settust yfir skýrsluna. Við sáum margt jákvætt í henni og töldum mikilvægt að það væri mótuð heilbrigðisstefna. En það vantaði mjög margt í stefnuna sem við bentum á. Það var eins og allt það starfsfólk sem vinnur sjálfstætt hafi gleymsst. Ég get nefnt SÁÁ. Hver er heilbrigðisstefnan varðandi samskipti við SÁÁ og meðferð á fíknisjúkdómum til dæmis? Reykjalundur er annað dæmi, einnig heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins, sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfarar, sjálfstætt starfandi sálfræðingar og sjálfstætt starfandi lækna. Það var bara eins og allt þetta fólk væri ekki til.“

Preyta í þingheimi

Reynir segir að í heilbrigðisstefnunni megi finna eina setningu varðandi sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn. „Það er ein setning sem hljóðar svo: „umfang 2. stigs þjónustu verður á hverjum tíma ákveðið í samningum við SÍ, í samræmi við þarfir þeirra sem þurfa þjónustunnar.“ En það voru engin önnur markmið sett en við lítum svo á að öll þjónusta sem Sjúkratryggingar Íslands semja um fyrir hönd ríkisins sé hluti af opinbera heilbrigðiskerfinu. Það er hið opinbera sem greiðir langmestan kostnaðinn við það, semur um það en er hins vegar að fá aðra til að veita þjónustuna. Þetta er bara edlilegt fyrirkomulag,“ segir hann.

„Við bentum á fleira. Til dæmis kemur hvergi fram að heilbrigðisþjónustan sem á að vera í landinu til 2030 byggist á gagnreyndum fræðum. Þegar meðhöndla á fólk þarf að liggja fyrir ákveðin sjúkdómsgreining áður en stofnað er til kostnaðar,“ segir Reynir og segir það vanta í stefnuna.

„Svo tókum við undir athugasemdir sóttvarnarlæknis og ég sé að það hefur heldur ekki komist inn í þingsályktunartillöguna. Það er ekkert minnst á varnir og viðbrögð við alvarlegum smitsjúkdómum og öðrum sjúkdómum sem geta ógnað almannaheill. Þetta á líka við heilsuvá vegna eitrunar og mengunar. Það vantar allt um heilbrigðisöryggi landsmanna í þessa stefnu.“

Heilbrigðisstefna til ársins 2030 var samþykkt með 45 atkvæðum og án mótaskvæða á Alþingi nýlega. Reynir segist halda að komin hafi verið þreyta í þingliðið á þessum tíma.

„Þeir hafa ekki sett sig inn í málið. Þegar svona stór galli er á heilbrigðisstefnunni virðist vera að þeir hafi ekki lesið athugasemdirnar og því hafi þetta farið svona í gegn.“

Ekkert um réttindi sjúklinga

Fleira er það sem Reynir telur vanta í stefnuna.



Reynir Arngrímsson

„Það er ekkert um réttindi sjúklinga í stefnunni. Það er ekkert um sjúkratryggingaréttinn. Við höfum séð að það er deilt um hann núna vegna langra biðlista. Ætti ekki fé að fylgja sjúklingi frekar en stofnunum? Í dag er hægt að fá fé til að fara til einkarekinnar stofnunar erlendis en ekki einkarekinna stofnana hér heima. Það vantar allt um sjúklíngaréttinn. Við höfðum bent á að við vildum fá umboðsmann sjúklinga, sem við höfðum reyndar áður bent á. Við lögðum til að stofnuð yrði regnhlífarsamtök sjúklíngafélaga og að ríkið tryggði því rekstrarlegan og faglegan grunn. Það var ekkert hlustað á þetta. Það er mjög margt sem við hefðum viljað sjá inn í stefnu sem verið er að móta,“ segir hann.

„Það stendur í heilbrigðisstefnunni að í gildi verði langtíma samningar við erlend háskólasjúkrahús. Það er gott og blessað en hvað um langtímasamninga við þjónustuveitendur hér á Íslandi sem eru ekki ríkisreknir. Af hverju eru ekki langtímasamningar við SÁÁ? Við Reykjalund? Og sjálfstætt starfandi lækna. Það virðist vera hægt að semja til lengri tíma við einhverja aðila í útlöndum en það er ekki hægt að gera það hér innanlands.“

Beðið eftir aðgerðaráætlun

Nú eru samningar sjálfstætt starfandi lækna lausir. Er eitthvað að gerast í þeim málum?

„Það lítur út fyrir að stefnan í samningum við sjálfstætt starfandi lækna sé mjög óljós og að umboð sjúkratrygginga sé ekki klárt. Það er mjög bagalegt að ekki séu samningar um þessa þjónustu. Ef við skoðum greiðsluþátttöku sjúklinga fyrir lyf og lækniþjónustu segir í heilbrigðisstefnunni að hún jafnast á við það sem lægst gerist í nágrannalöndum okkar. En það er alveg ljóst að ef engir samningar eru þá nær hið opinbera engum af sínum markmiðum því þá verða bara frjálsar álagningar. Það eru hagsmunir sjúklinga að það sé samið við sérfræðinga; bæði til að tryggja góða þjónustu og líka til þess að það sé skilgreint hver kostnaður þeirra er. Ég hef miklar áhyggjur af því hvað gerist í haust ef ekki verður búið að semja við sérfræðinga, hvernig lækniþjónustan verður þá. Samningar Læknafélags Íslands fyrir sjúkrahúslækna og heilsugæslulækna eru líka lausir. Þetta þarf að klárast núna fljótt svo ekki komi truflun í heilbrigðisþjónustuna,“ segir Reynir og nefnir að þá þjónustu sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar veita sé ekki hægt að flytja inn á spítalana.

„Það er hvorki húsnæði né starfsfólk til að taka við því. Það yrði að fjölga mjög í starfslíði sjúkrahúsins og við sjáum það ekki gerast miðað við nýja útfærslu á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar sem á að skera niður um 4,7 milljarða í sjúkráhusþjónustunni.“

Hver eru viðbrögð lækna við þessari nýju heilbrigðisstefnu?

„Það kemur ekki á óvart að það hafi ekki náðst fram breytingar. Það er ekki hlustað á það sem við höfum verið að gera. Menn bíða núna eftir aðgerðaáætluninni. Eitt er stefna og annað að útfæra hana. Við bíðum eftir að lækna verði kallaðir að borðinu um hvernig eigi að útfæra stefnuna. Það hefur ekki orðið ennþá. Aðgerðaáætlunin skiptir í raun meira máli en stefnan og þar vonumst við til þess að fá að taka á þeim agnóum sem við höfum bent á. Við bíðum eftir símtali úr ráðuneytinu.“